

Árþing Héraðssambands Þingeyinga 2019

Haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019

1. Þingsetning: Jónas Egilsson setur þingið kl 10:05

Starfsmenn þingsins kosnir:

a) Þingforsetar: Pétur Snæbjörnsson

b) Þingritarar: Sigurbjörn Reynir Björgvinsson, Auður Filippusdóttir

Kjörbréfanefnd kosin: Hermann Aðalsteinson formaður, Birna Davíðsdóttir og Árni Helgason

2. Skýrsla stjórnar: Jónas Egilsson, kl 10:18

Jónas fór yfir árið hjá stjórn, sjá ársskýrslu.

3. Reikningar sambandsins: Stefán Jónasson, kl 10:27

Stefán Jónasson fór stuttlega yfir reikninga sambandsins. Sjá ársskýrslu.

4. Álit kjörbréfanefndar: Hermann Aðalsteinsson, kl 10:31

Þingið er löglegt. Fulltrúar frá 19 félagum mættir af 23 aðildarfélögum, samtals 60 þingfulltrúar.

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Mývetningur íþróttá- og ungmennafélag: Jóhanna Jóhannesdóttir, Sigurbjörn Reynir Björgvinsson, Auður Filippusdóttir, Linda Björk Árnadóttir, Sylvía Ósk Sigurðardóttir.

Golfklúbbur Húsavíkur: Anna Sigrún Mikaelisdóttir, Ragnar Emilsson, Sigurjón Sigurðsson

Umf. Bjarmi: Birna Davíðsdóttir, Jóhann Bjarki Jóhannsson, Jón Þ. Óskarsson

Umf. Leifur heppni: Guðríður Baldvinsdóttir, Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

Umf. Einingin: Sigurlína Tryggvadóttir, Elín Baldvinsdóttir

Umf. Langnesinga: Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Teitur Ari Sigurðarsson, Erla Rós Ólafsdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Aron Ragnar Unnsteinsson, Heiðmar Andri Víkingsson, Halldóra J. Friðbergisdóttir, Jónas Egilsson.

Umf. Geisli: Árni Garðar Helgason

Hestamannafélagið Þjálfri: Jón Sverrir Sigtryggson, Friðrik Jakobsson, Hildur Vésteinsdóttir

Íþr.fél. Völsungur: Jónas H. Friðriksson, Lilja Friðriksdóttir, Aija Kotleva, Karólína Gunnlaugsdóttir, Erla Bjarnadóttir, Linda Hrönn Arnþórsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Aðalsteinn J. Friðriksson, Davíð Þórólfsson.

Hestamannafélagið Grani: Ólafur Samúelsson, Karin Gerhartl, Hugrún Rúnarsdóttir, Sigfús H. Jónsson.

Skákfélagið Huginn: Hermann Aðalsteinsson, Sigurbjörn Ásmundsson

Umf. Efling: Gunnhildur Hinriksdóttir, Aðalsteinn Már Þorsteinsson, Guðný Grímsdóttir, Stefán Bogi Aðalsteinsson, Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson.

Skotfélag Húsavíkur: Kristján R. Arnarson

Hestamannafélagið Feykir: Salbjörg Matthíasdóttir, Petronella Hannula

Hestamannafélagið Snæfaxi: Jóhannes Sigfússon, Fjóla Runólfsdóttir

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar: Júlíus Björnsson, Kolbrún Ívarsdóttir

Íþróttafélagið Magni: Arnþór Pétursson, Klara Sjöfn Gísladóttir, Gísli Gunnar Oddgeirsson.

Golfklúbbur Mývatnssveitar: Pétur Snæbjörnsson

Golfklúbburinn Gljúfri: Marinó Eggertsson

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga kl. 10:39

Þingforseti bauð fulltrúum að ræða skýrslu stjórnar og ársreikninga. Engin umræða varð um skýrslu stjórnar og reikninga

6. Skýrsla og reikningar borin undir atkvæði kl. 10:40

Skýrsla stjórnar og reikningar voru borin undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

7. Ávörp gesta kl. 10:40

Gunnar Gunnarsson, UMFÍ. Gunnar bar fyrir kveðju frá stjórn UMFÍ. Fagnar skýrslu stjórnar. Stórt félagssvæði, góðar tillögur liggja fyrir þinginu um siðareglur og viðbragðsáætlun vegna ofbeldismála. Fagráð æskulýðsvettvangsins er nýtt úrræði fyrir æskulýðsfélög, þar eru lögfræðingar og félagsráðgjafar sem koma að því. Fagnaði því að þetta væri komið til að vera, því miður hefur þurft að nýta þessar aðgerðir nú þegar. Leyst vel á lýðheilsuverkefnið Æfum alla ævi. Þörf á verkefnum sem snúa að lýðheilsu, virðist ágætisdæmi um forvarnarverkefni. Minnir á næstu verkefni UMFÍ: Ráðstefna um ungt fólk og lýðræði haldið 10.-12. apríl í Borgarnesi. Hreyfivikan verður 27. Maí - 2. júní um allt land, ánægja að geta boðið fólki upp á 50+ mót á Neskaupsstað. ULM verður á Höfn um verslunarmannahelgina. Landsmótið var haldið á Sauðárkróki síðasta sumar, fyrsta skipti sem var haft nýtt yfirbragð. Breyttar áherslur og ný þróun í samfélaginu, þar sem mótið var opið. Verður haldið aftur næsta sumar (2020) til að halda áfram að þróa það.

Viðar Sigurjónsson, ÍSÍ. Eftir 20 ár í hreyfingunni finnst honum enn mikið að gera og ný verkefni sem verða til. Sendi kveðju frá forseta ÍSÍ og starfsfólki. Aldrei eins mikil þörf á að hafa verkefni fyrir framan okkur. Fyrirmyndafélagið, mikilvægt að fá gæðavottun fyrir félagið. Sjálfsagt að unnið sé eftir ákveðnum reglum og allt uppi á borði. Hvetur fleiri félög til að sækja um þessa viðurkenningu. Honum er ætlað að vinna með félögum en ekki bíða bara eftir gögnum. Minni á persónuverndarlögin og jafnréttisáætlun, búið að útbúa fyrir öll félög sem þau geta öll gert tekið að sér og gert að sinni. Viðar hvatti félög til að hvetja sína þjálfara að sækja menntun en það er nú hægt í fjarnámi.

8. Mál lögð fyrir þingið Gunnhildur Hinriksdóttir 10:55

Tíu þingskjöl liggja fyrir þinginu. Gunnhildur gerði stutta grein fyrir þingskjölunum. Þingforseti leggur til hvar hver nefnd á að sitja.

9. Afhending viðurkenninga Viðar Sigurjónsson, ÍSÍ, 11:09

Heiðrar tvo aðila innan HSP, Kristján Stefánsson formaður Golfklúbbs Mývatnssveitar hlýtur Silfurmerki ÍSÍ viðurkenningu fyrir vel unnin störf bæði hjá GKM og Mývetningi. Jón Friðrik Benónýsson, frjálsíþróttþjálfari hjá HSP, hlýtur Gullmerki ÍSÍ fyrir það mikla starf sem hann hefur unnið fyrir frjálsíþróttir innan héraðs.

10. Skipan í starfsnefndir Gunnhildur Hinriksdóttir, kl 11:14

Gunnhildur lagði fyrir liggjandi þingskjöl fyrir nefndir þingsins. Allsherjar- og íþróttanefnd var sameinuð í eina nefnd.

- a) **Allsherjar- og íþróttanefnd.** Þingskjöl 1, 2, 4, 5, 6, 9
- b) **Laganefnd.** Þingskjöl: 2, 3, 4, 7
- c) **Fjárhagsnefnd.** Þingskjöl: 3, 8, 10

Nefndarstörf hefjast kl. 11:18. Þingforseti leggur til að nefndir hefji störf fyrir hádegismat

Matarhlé hefst: 12:25. Nefndir halda störfum áfram að hléi loknu.

11. Nefndarstörf og nefndir skila álitum kl. 14:00

Allsherjar- og íþróttanefnd: Jón Sverrir Sigtryggsson gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar

Þingskjal 1 Lagt fram af stjórn

Ályktanir

Þakkar fyrir veittan stuðning.

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, þakkar Langanesbyggð, Norðurþingi, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit, Sparisjóði Þingeyinga, Ferðaþjónustunni Narfastöðum og KEA fyrir veittan stuðning á árinu 2018.

Samþykkt af nefnd án athugasemda. Samþykkt af þingi.

Hvatning til þátttöku í Landsmótum.

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, hvetur félagi til þess að fjölmenna bæði á 9. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Neskaupsstað dagana 28.-30. júní og á 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði þann 1.-4. ágúst 2019. Öllum ætti að vera ljós kostur þess og ávinningur af því að hreyfa sig reglulega og taka þátt í skipulögðu starfi og skemmta sér með fjölskyldu og vinum.

Samþykkt af nefnd án athugasemda. Samþykkt af þingi.

Æfum alla ævi. Breytingartillaga lögð fram:

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, lýsir yfir ánægju sinni með stefnu stjórnar *Æfum alla ævi* og hvetur sveitarfélög og aðra til að standa við bakið á íþróttahreyfingunni á svæðinu með beinum og óbeinum stuðningi. Það er öllum ljóst að aukin hreyfing allra skapar bætt lífsskilyrði og viðleitni sambandsins til að vinna með félögum og í samvinnu við sveitarfélögin að þessu verkefni er mikið nauðsynjaverk og öllum til bóta. Tryggja skal að fjáröflun verkefnisins bitni ekki á aðildarfélögum.

Umræður: Jónas Egilsson: Hefur aldrei staðið til að taka eina krónur frá aðildarfélögum vegna þessa verkefnis. Sækja þarf meira fjármagn til fyrirtækja og sveitafélaga. Þetta verkefni fer ekki af stað ef ekki er vilji fyrir að koma því af stað. Aðstæður eru mismunandi eftir hverju félagi. Metnaðarfull áætlun 30 milljónir á 3 árum en ekki er víst að það takist. Þurfum að efla starfsemina innan hreyfingarinnar í félögum svo það skili sér aftur og því þarf að færa peninga á milli vasa en mun skila sér til félaganna. Ágætir félagar ég vil biðja ykkur um að skoða þetta, við þurfum að taka á þessu máli og þurfum að ákveða hvort við viljum vinna að þessu saman og gera góði hluti úr þessu. Horfa þarf á þetta úr víðara samhengi og fullyrði ég að þetta mun skila sér til ykkar. Sveitafélögin þurfa að gefa pening í þetta í verkefni en ef þau vilja það ekki verður ekkert úr þessu verkefni. Þau munu ekki gera það ef félögin standa ekki saman að þessu verkefni.

Breytingartillaga borin undir atkvæði og samþykkt af þingi.

Endurskoðun laga.

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir að fela stjórn HSP að endurskoða lög sambandsins og reglur sambandsins í heild sinni og færa betur til samræmis við starfsemi innan þess. Enn fremur er stjórn falið að skoða lög aðildarfélaga sambandsins.

Samþykkt af nefnd án athugasemda. Samþykkt af þingi.

Þingskjal 2 Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á aðildarfélögum HSP

Laganefnd fjallaði einnig um þetta skjal. Sjá umfjöllun um skjalið undir nefndaráliti frá laganefnd hér að neðan.

Þingskjal 4 Lagt fram af sundnefnd HSP

Ný (uppfærð) reglugerð varðandi Héraðsmót HSP í sundi

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir uppfærða reglugerð varðandi Héraðsmót HSP í sundi eins og hér er lagt fram. Nýja reglugerðin hljóði svo:

Reglugerð um Héraðsmót HSP í sundi

1. gr. Héraðsmót HSP í sundi skal haldið ár hvert á tímabilinu mars til maí. Framkvæmdaraðili er sundnefnd HSP.
2. gr. Mótið skal haldið í 25 metra laug, og aðeins þar sem framfylgt verður ákvæðum og reglum SSÍ um sundmót.
3. gr. Auglýsa skal mótið með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framkvæmdaraðili ákveður skráningarfrest og skráningargjald ef eitthvað er.
4. gr. Keppnisrétt hafa allir með félagsaðild að virku aðildarfélagi HSP. Sundnefnd er heimilt að leyfa gestaþátttöku, en gestir geta þó hvorki unnið til verðlauna né teljast þeir til stiga.
5. gr. Keppt er í eftirfarandi greinum og flokkum*:

8 ára og yngri hnokkar/hnátur: 25m frjáls aðferð (skriðsund/bringusund, 2 umferðir)

10 ára og yngri hnokkar/hnátur**: 50m bringusund, 50m skriðsund, 4x50m skriðsund

11-12 ára sveinar/meyjar: 100m bringusund, 50m skriðsund, 50m baksund, 50m flugsund, 4x50m skriðsund, 4x50m fjórsund

13-14 ára drengir/telpur: 100 bringusund, 100m skriðsund, 50m baksund, 50m flugsund, 4x50m skriðsund, 4x50m fjórsund

15-17 ára piltar/stúlkur: 100 bringusund, 100m skriðsund, 100m baksund, 50m flugsund, 4x50m skriðsund, 4x50m fjórsund

18 ára og eldri karlar/konur: 100 bringusund, 100m skriðsund, 100m baksund, 100m flugsund, 4x50m skriðsund, 4x50m fjórsund

* Að auki er sundnefnd HSP heimilt að efna til keppni í garpasundi 25 ára og eldri og skal það þá auglýst sérstaklega. Sundnefnd ákvarðar aldursbil flokka í garpasundi hverju sinni.

** 10 ára og yngri heimilt að taka þátt í 50m baksundi og 50m flugsundi í 11-12 ára flokki og geta þá keppt til verðlauna til jafns við aðra keppendur í flokknum, en telja þó ekki til stiga í stigakeppni félaga.

*** Í boðsundi er öllum keppendum heimilt að keppa upp fyrir sig hafi þeir að öðru leyti ekki tekið þátt í sama boðsundi í sínum/öðrum flokki.

Tillaga að uppröðun greina:

- | | |
|--|--|
| 1. 100m flugsund 18 ára og eldri karlar | 24. 100m baksund 15-17 ára stúlkur |
| 2. 100m flugsund 18 ára og eldri konur | 25. 50m baksund 13-14 ára drengir |
| 3. 50m flugsund 15-17 ára piltar | 26. 50m baksund 13-14 ára telpur |
| 4. 50m flugsund 15-17 ára stúlkur | 27. 50m baksund 11-12 ára sveinar |
| 5. 50m flugsund 13-14 ára drengir | 28. 50m baksund 11-12 ára meyjjar |
| 6. 50m flugsund 13-14 ára telpur | 29. 25m frjáls aðferð 8 ára og yngri hnokkar |
| 7. 50m flugsund 11-12 ára sveinar | 30. 25m frjáls aðferð 8 ára og yngri hnátur |
| 8. 50m flugsund 11-12 ára meyjjar | 31. 50m skriðsund 10 ára og yngri hnokkar |
| 9. 50m bringusund 10 ára og yngri hnokkar | 32. 50m skriðsund 10 ára og yngri hnátur |
| 10. 50m bringusund 10 ára og yngri hnátur | 33. 100m skriðsund 18 ára og eldri karlar |
| 11. 100m bringusund 18 ára og eldri karlar | 34. 100m skriðsund 18 ára og eldri konur |
| 12. 100m bringusund 18 ára og eldri konur | 35. 100m skriðsund 15-17 ára piltar |
| 13. 100m bringusund 15-17 ára piltar | 36. 100m skriðsund 15-17 ára stúlkur |
| 14. 100m bringusund 15-17 ára stúlkur | 37. 100m skriðsund 13-14 ára drengir |
| 15. 100m bringusund 13-14 ára drengir | 38. 100m skriðsund 13-14 ára telpur |
| 16. 100m bringusund 13-14 ára telpur | 39. 50m skriðsund 11-12 ára sveinar |
| 17. 100m bringusund 11-12 ára sveinar | 40. 50m skriðsund 11-12 ára meyjjar |
| 18. 100m bringusund 11-12 ára meyjjar | 41. 4x50m fjórsund 18 ára og eldri karlar |
| 19. 25m frjáls aðferð 8 ára og yngri hnokkar | 42. 4x50m fjórsund 18 ára og eldri konur |
| 20. 25m frjáls aðferð 8 ára og yngri hnátur | 43. 4x50m fjórsund 15-17 ára piltar |
| 21. 100m baksund 18 ára og eldri karlar | 44. 4x50m fjórsund 15-17 ára stúlkur |
| 22. 100m baksund 18 ára og eldri konur | 45. 4x50m fjórsund 13-14 ára drengir |
| 23. 100m baksund 15-17 ára piltar | 46. 4x50m fjórsund 13-14 ára telpur |

Við niðurröðun í riðla skal farið eftir sannanlegum löglegum tímum á mótum frá tímabilinu frá síðasta Héraðsmóti HSP í sundi árið áður og til þess tíma er skráningarfrestur rennur út. Þeir keppendur sem enga tíma eiga skulu teljast lakastir og raðast niður eftir úrdrætti. Keppendur með bestu tímana skulu synda saman í síðasta riðli, sá með besta tímann á miðbraut (þ.a. 2 – 3 – 1 – 4). Á skráningarkortum skal taka fram frá hvaða móti besti tíminn er (dagsetning).

6. gr. Í flokkum 10 ára og yngri skal veita öllum þátttakendum viðurkenningu. Í flokkum 11 ára og eldri skulu veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverri grein.
Veita skal farandbikar til þeirra einstaklinga sem eru með stigahæsta afrekið í karla- og kvennagreinum, þó aldrei til keppanda 10 ára eða yngri. Bikarinn vinnst til varðveislu í eitt ár, en aldrei til eignar. Grafa skal nafn handhafa og ár á þar til gerða plötu á fótstalli. Bikarinn heitir Sundmót HSP, Stigahæsta afrek [karla | kvenna]. Að auki skulu þau fá eignarbikar.
7. gr. Stigakeppni er milli félaga hjá keppendum 11 ára og eldri og telja allar greinar til stiga. Keppendur 10 ára og yngri telja ekki til stiga í stigakeppni félaga nema um boðsund sé að ræða. Fyrstu 6 sætin í hverjum flokki telja þannig að fyrir fyrsta sæti eru gefin 6 stig, fyrir annað sæti eru gefin 5 stig og svo koll af kolli þannig að 6. sæti gefur 1 stig í stigakeppni félaga. Veita skal farandbikar stigahæsta félaginu til varðveislu í eitt ár og skal letra nafn félags og ártal á plötu á fótstalli.
8. gr. Skýrslu um mótið skal senda SSÍ innan 30 daga frá því er mótinu lauk, undirrituðum af yfirdómara, yfirtímaverði og mótsstjóra, ásamt úrslitum og skráningarkortum.
9. gr. Reglugerð þessari má aðeins breyta af sundnefnd HSP og samþykkt á ársþingi HSP árið eftir. Ræður þá einfaldur meirihluti.

Með þessari reglugerð falla eldri reglugerðir um Héraðsmót HSP í sundi og reglugerðir fyrir verðlaunagripi á sundmóti HSP úr gildi.

Laganefnd fjallaði einnig um þetta þingskjal.

[Engar athugasemdir frá nefndum. Samþykkt af þingi.](#)

Pingskjal 5 Lagt fram af stjórn HSP

Siðareglur HSP og aðildarfélaga

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir siðareglur HSP og aðildarfélaga eins og þær eru lagðar fyrir þingið:

Siðareglur HSP og aðildarfélaga

Siðareglur þessar eru leiðbeinandi viðmið og hvatning fyrir alla þá sem koma að íþróttá-, félags- og æskulýðsstarfi innan HSP, kjörna fulltrúa, iðkendur og keppendur, foreldra og forráðamenn, þjálfara, sjálfbóðaliða og annað starfsfólk. Markmiðið með siðareglunum er að gæta hagsmuna iðkenda af starfssvæði HSP og jafnframt að stýra hlutverki og ábyrgð þeirra aðila sem koma að starfi HSP og aðildarfélaga þess. Siðareglur þessar eru ekki tæmandi listi. Siðareglurnar er hluti af þeim félagsanda og viðhorfi sem HSP vill að ríki á sambandsvæðinu.

Siðareglur þessar gilda í öllum aðildarfélögum HSP, enda hafi aðildarfélag ekki mótað sér sínar eigin siðareglur. Siðareglurnar þarf að kynna öllum hlutaðeigandi, nýjum stjórnarmeðlimum og þjálfurum/starfsfólki við upphaf starfa.

Samkvæmt Æskulýðslögum er óheimilt er að ráða einstaklinga til starfa sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi og hlotið hafa refsisdóm vegna kynferðisbrota (XXII. kafli almennra hegningarlaga, nr. 19/1940). Einnig er óheimilt að ráða þá sem hlotið hafa refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs. Æskilegt er að allir þeir sem starfa með börnum og ungmennum skrifi undir samþykkt þess efnis að HSP eða aðildarfélag þeirra hafi heimild til að sækja upplýsingar úr sakaskrá.

Brot á þessum siðareglum gefur heimild til að vísa viðkomandi úr starfi, tímabundið eða að fullu.

Kjörnir fulltrúar og fólk í stjórnnum, nefndum og ráðum HSP og/eða aðildarfélaga:

1. Kynna sér og hafa í heiðri siðareglur þessar og aðrar innan ÍSÍ sem gilda um kjörna aðila og starfsmenn ÍSÍ og sambandsaðila þess.
2. Standa vörð um anda og gildi HSP og aðildarfélaga sinna.
3. Koma fram af fullkomnum heilindum, forðast hvers kyns hagsmunaárekstra og misnota ekki aðstöðu sína í þágu eigin hagsmuna eða á kostnað annarra. Eru til fyrirmyndar í framkomu, hegðun og störfum, bæði innan og utan héraðs.
4. Eru laus við fordóma og koma fram við aðra af virðingu og sanngirni. Mismuna ekki á grundvelli kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar eða stjórnmálaskoðana.
5. Stuðla að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi, jöfnum tækifærum til þátttöku í íþróttum og hreyfingu, með velferð félagsmanna og jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.
6. Leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, einelti eða annars konar félagslega misbeitingu. Kynferðislegt áreit og ofbeldi verður ekki liðið.
7. Haga störfum sínum þannig að starfsemi sambandsins [félagsins] er opin, upplýst, gagnsæ og unnin á lýðræðislegan hátt.
8. Standa vörð um og fara vel með fjármuni og verðmæti HSP [félags síns] með hagsmuni HSP [félags síns] að leiðarljósi og án skuldbindinga umfram samþykktir.
9. Gæta trúnaðar og þagmælsku um það sem það á við, þó aldrei þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 liggja undir.
10. Þiggja aldrei persónulegar gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.

Iðkandi og keppandi af sambandsvæði HSP:

1. Gerir ávallt sitt besta og ber virðingu fyrir öðrum iðkendum og keppendum, hvort sem um samherja eða mótherja er að ræða, í meðbyr og mótbyr.
2. Virðir reglur íþróttagreinar sinnar og venjur varðandi heiðarleika í íþróttum. Þrætir ekki við dómara eða starfsfólk móta.
3. Er heiðarlegur í samskiptum við aðra og sýnir þjálfurum, dómurum, öðru starfsfólki og áhorfendum virðingu.
4. Sýnir fyrirmyndarframkomu, bæði innan vallar og utan, og hefur hugfast að hann er fyrirmynd þeirra sem yngri eru. Kemur fram við aðra líkt og hann vill að aðrir komi fram við sig.
5. Hefur heilbrigði að leiðarljósi. Verður ekki uppvis að neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuefnagjafa og ólöglegra lyfja á æfingum eða í ferðum á vegum HSP og aðildarfélaga þess.
6. Neytir aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur sinn.
7. Samþykkir aldrei eða sýnir ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði. Viðhefur ekki meiðandi athugasemdir út frá kynferði, þjóðerni, kynþætti, litarhafti, menningu, tungumáli, trúarbrögðum, kynhneigð eða stjórnmálaskoðunum. Kynferðislegt áreiti og ofbeldi verður ekki liðið.

Foreldri/forráðamaður iðkanda og keppanda innan HSP og aðildarfélaga þess:

1. Hvetur barnið til að taka þátt í íþróttá- og æskulýðsstarfi á eigin forsendum en þvingar það ekki.
2. Útskýrir og kennir barninu að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
3. Styður og hvetur öll börn og ungmenni, en ekki bara sín eigin.
4. Er jákvæður, í meðbyr og mótbyr, og gerir ekki grín að barni eða hrópar á það þegar það gerir mistök.
5. Spyr hvort æfingin/keppnin hafi verið skemmtileg en ekki eingöngu um úrslit.
6. Er börnum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteisi. Ber virðingu fyrir störfum þjálfara og dómara.
7. Ber virðingu fyrir réttindum barna, aðlögun og manngildum. Virðir það að öll börn í hópnum eru mikilvæg.

Þjálfari, sjálfbóðaliði og starfsfólk í barna og unglíngastarfi innan HSP og aðildarfélaga þess

1. Er meðvitaður um hlutverk sitt sem fyrirmynd og sýnir góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess. Virðir störf og ákvarðanir dómara og starfsfólks móta, spornar gegn óíþróttamannslegri hegðun og heldur á lofti heiðarleika innan íþróttarinnar.

- Er réttlátur og heiðarlegur gagnvart iðkendum, mismunar ekki eða viðhefur meiðandi athugasemdir vegna kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar eða stjórnmalaskoðana. Meðhöndlar iðkendur á einstaklingsgrunni.
- Gætir þess að æfingar hæfi aldri og þroska, að hver og einn hafi tækifæri til að byggja upp og þroska hæfileika sína hvort sem er líkamlega, andlega eða félagslega.
- Hrósar iðkendum á jákvæðan hátt en forðast neikvæða gagnrýni.
- Sýnir meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi og umhyggju.
- Talar ávallt gegn neyslu áfengis, tóbaks, annarra vímuefnagjafa og notkunar ólöglegra lyfja og verður aldrei uppvis að slíkri neyslu í starfi með börnum og unglingum.
- Leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, einelti eða annars konar félagslega misbeitingu. Kynferðislegt áreiti og ofbeldi verður ekki liðið.
- Samþykkir aldrei eða sýnir ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- Misnotar ekki stöðu sína eða vald á nokkurn hátt, s.s. líkamlega, andlega eða kynferðislega í samskiptum sínum við iðkendur eða annað starfsfólk og sjálfbodaliða. Stofnar ekki til náins sambands við iðkanda.
- Er meðvitaður um ábyrgð rafrænna samskipta og forðast samskipti við iðkendur gegnum síma og internet nema til upplýsinga.
- Forðast þá aðstoðu að vera ein/n með iðkanda.
- Leitast við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk, forráðamenn og aðra þjálfara sem sinna iðkandanum.
- Gætir trúnaðar og þagmælsku um það sem það á við, þó aldrei þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 liggja undir.

Engar athugasemdir frá nefnd. Samþykkt af þingi.

Pingskjal 6 Lagt fram af stjórn HSP

Viðbragðsáætlun og verklagsreglur vegna aga-, eineltis-, ofbeldis- og kynferðisbrota

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir viðbragðsáætlun HSP og verklagsreglur eins og þær eru lagðar fyrir þingið:

Viðbragðsáætlun og verklagsreglur HSP vegna aga-, eineltis-, ofbeldis- og kynferðisbrota

Hafir þú orðið fyrir kynferðislegu áreiti eða ofbeldi af einhverju tagi innan félagsins skaltu leita til einhvers sem þú treystir og segja frá.

- Eftir málsatvikum og alvarleika getur einnig verið rétt að hafa samband við lögregluyfirvöld eða neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, lækni eða heilsugæslu.
- Láttu félagið þitt, þjálfara, stjórn eða framkvæmdastjóra HSP vita sem aðstoða við að koma málinu í viðeigandi farveg.

Hér að neðan er orðið **æfing** notað sem regnhlífarorð um hvers kyns viðburði hjá félaginu, fundi og æfingar sem viðkomandi eru þátttakendur í. Orðið **barn** er einnig notað um alla þá sem eru yngri en 18 ára.

Ábyrgðaraðili getur átt við um alla starfsmenn og sjálfbodaliða sem gegna ábyrgðarhlutverki, sama hvaða nafni það kallast.

Brot	Útskýring og verklagsáætlun
Agabrot	Hér er átt við brot á lögum og reglum félagsins. Væg agabrot eru t.d. almenn óhlýðni við fyrirmælum og ólæti. Alvarleg agabrot eru t.d. ofbeldi í öllum birtingarmyndum s.s. líkamsmeiðingar, einelti, illmæli, neysla ávana- og vímuefna (t.d. áfengi, tóbak, rafrettur), og brot á landslögum.
Verklag:	Væg agabrot: veita viðkomandi tiltal, mögulega veita tímabundna brottvísun frá æfingu Alvarleg agabrot: Vísa viðkomandi af æfingu, hafa samband við forráðamann og sjá til þess að barnið sé sótt – tala við forráðamenn um málavexti. Ítrekuð agabrot: Skrifleg aðvörðun send til viðkomandi og forráðamenn upplýstir. Láti viðkomandi ekki af hegðun sinni skal vísa honum tímabundið úr starfi – ábyrgðaraðili tekur þessa ákvörðun í samráði við aðalstjórn félagsins [framkvæmdastjóra HSP].
Einelti Áreitni Ofbeldi	Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem niðurlægir, gerir lítið úr, móðgar, særir, mismunar eða ógnar og veldur vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Þetta er óvelkomin hegðun fyrir þann sem fyrir henni verður, hvort sem henni er beitt með orðum, líkamlega eða annarri tjáningu. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.
Verklag: <i>Samskiptavandi</i>	Reynið að leysa úr samskiptavanda eins fljótt og auðið er s.s. með því að ræða við hlutaðeigendur málsins, hvern í sínu lagi ef þarf, til að leysa málið en jafnframt til þess að meta alvarleika þess. <ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt getur verið að skrá niður hvað gerðist og forðast að vera einir í viðtölum. Foreldrar/forráðamenn hluteigandi aðila eru upplýstir um málið. <p>❖ Ef grípa þarf til aðgerða til þess að aðskilja aðila í félagsstarfi skal ávallt færa gerendur til en ekki þolendur</p>

<p><i>Einelti Áreitni Ofbeldi</i></p> <p><i>Ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi</i></p>	<p>Sé málið stærra en svo að hægt sé að leysa það á einfaldan hátt skal tilkynna málið til aðalstjórnar félagsins [framkvæmdastjóra HSP] eða beint til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar slík tilkynning berst aflar stjórnin [framkvæmdastjóri HSP] nauðsynlegra upplýsinga frá þolanda, meintum geranda/gerendum, forráðamönnum, ábyrgðaraðilum, vinum og þeim sem geta veitt upplýsingar um málið og tilkynning er send til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. <ul style="list-style-type: none"> ○ Upplýsa skal foreldra/forráðamenn um tilkynninguna • Fagráð Æskulýðsvettvangsins metur upplýsingarnar og setur fram áætlun um hvernig skuli tekið á málinu, fylgir því eftir og aðstoðar við að vinna úr málinu. • Gerist ábyrgðaraðili sekur um einelti/áreitni/ofbeldi skal vísa viðkomandi úr starfi tímabundið á meðan unnið er að laus málsins ef viðvera viðkomandi hefur áhrif á daglegt starf innan félagsins. <ul style="list-style-type: none"> ❖ Ef grípa þarf til aðgerða til þess að aðskilja aðila í félagsstarfi skal ávallt færa gerendur til en ekki þolendur ❖ Öllum er heimilt að tilkynna um einelti eða ofbeldi hvers kyns beint til Æskulýðsvettvangsins með því að fylla út þar til gert eyðublað og skila til fagráðsins. <p>Ef ábyrgðaraðili verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi í tengslum við félagsstarf skal hann sem fyrst snúa sér til stjórnar félagsins [framkvæmdastjóra HSP] sem meta atvikið með ábyrgðaraðila, hugsanlegum vitnum og öðrum sem málið varðar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Meta þarf alvarleika atviks og ganga úr skugga um að ábyrgðaraðili fái viðeigandi stuðning og tryggja að umrætt ofbeldi/áreitni/hótanir haldi ekki áfram. • Skrá nákvæma lýsingu á atvikinum og tilkynna til fagráðs Æskulýðsvettvangsins sem aðstoðar við verklag og önnur viðbrögð. <ul style="list-style-type: none"> ❖ Ef barn yngra en 18 ára beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til foreldra/forráðamanna barnsins og til lögreglu og barnaverndaryfirvalda. ❖ Ef starfsmaður / sjálfboðaliði félags beitir ábyrgðaraðila alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til lögreglu og víkja viðkomandi úr starfi á meðan rannsókn stendur.
<p>Kynferðisbrot</p>	<p>Allar tilkynningar um kynferðisbrot skal taka alvarlega og óheimilt er að afgreiða slík mál innan aðildarfélaga. Með kynferðisbroti er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.</p>
<p>Verklag: <i>Brotið á barni</i></p> <p><i>Ábyrgðaraðili er meintur gerandi</i></p> <p><i>Brotið á ábyrgðaraðila</i></p>	<p>Ef grunur vaknar um kynferðisbrot á barni eða ungmenni í félagsstarfi skal tilkynna það tafarlaust til aðalstjórnar félags [framkvæmdastjóra HSP], fagráðs Æskulýðsvettvangsins og/eða barnaverndaryfirvalda/lögreglu í síma 112.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stjórn félagsins [framkvæmdastjóri HSP] gerir barnaverndaryfirvöldum og lögreglu viðvart sem og stjórn sambandsins [félagsins]. Jafnframt er fagráði Æskulýðsvettvangsins gert viðvart. • Framkvæmdastjóri HSP eða fagráð Æskulýðsvettvangsins skal hafa samband við forráðamenn barnsins og greina frá atburðum, nema barnaverndaryfirvöld eða lögregla gefi fyrirmæli um annað. <ul style="list-style-type: none"> ○ Eftir að mál hefur verið tilkynnt til réttara aðila sjá barnaverndaryfirvöld og lögregla alfarið um meðferð málsins. <p>Ef meintur gerandi er ábyrgðaraðili skal ávallt vísa viðkomandi tímabundið úr starfi á meðan rannsókn málsins stendur yfir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmdastjóri HSP [stjórn félags] skal upplýsa framkvæmdastjóra félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins sem leitar eftir upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi ábyrgðaraðila, þó svo það hafi verið gert áður. Hafi ábyrgðaraðili verið dæmdur fyrir kynferðisbrot skal honum vikið úr starfi tafarlaust. • Séu engar upplýsingar í sakaskrá skal hafa samband við barnaverndaryfirvöld, upplýsa um uppkomnar grunsemdir og biðja barnaverndarnefnd að kanna málið betur. • Í hvert sinn sem upp koma sögusagnir um kynferðisbrot ábyrgðaraðila á barni þarf að meta áreiðanleika upplýsinganna. Ákvörðun og mat um tilkynningu til barnaverndaryfirvalda er tekin af framkvæmdastjóra og í samstarfi við fagráð Æskulýðsvettvangsins. Einnig má fá ráðleggingar hjá Barnaverndarstofu. <ul style="list-style-type: none"> ○ Fagráð Æskulýðsvettvangsins er framkvæmdastjórum og stjórnum aðildarfélaga til ráðgjafar varðandi mál sem tengjast kynferðisbrotum. ○ Þó svo langt sé liði frá því meint brot átti sér stað skal samt sem áður tilkynna það til sömu aðila. <p>Vakni grunur um að brotið hafi verið kynferðislega á ábyrgðaraðila í félagsstarfi skal tilkynna það tafarlaust til stjórnar félagsins [framkvæmdastjóra HSP], eða beint til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmdastjóri gerir lögreglu viðvart í síma 112, einnig barnaverndaryfirvöldum sé einhver hlutaðeigandi yngri en 18 ára. • Einnig skal gera fagráði Æskulýðsvettvangsins viðvart. <p>Taki yfirvöld til rannsóknar mál þar sem meintur gerandi er ábyrgðaraðili er honum vikið úr starfi sínu tímabundið á meðan rannsókn málsins stendur fyrir. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum er tekin ákvörðun um framhald starfa meints geranda, í samráði við barnaverndaryfirvöld, ef við á, og fagráð Æskulýðsvettvangsins.</p>
<p>Áfengi Tóbak</p>	<p>Öll neysla áfengis og annarra ávana- og vímuefna er bönnuð hvar sem skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf fer fram á vegum félaganna þar sem þátttakendur eru undir tvítugu.</p>

Vímuefni	Reykningar og önnur tóbaksnotkun er bönnuð í húsakynnum íþróttá- og æskulýðsstarfs. Þeim sem eru undir 18 ára er óheimilt að reykja eða nota annað tóbak og rafrettur í félagsstarfi.
Verklag:	Öll viðbrögð skulu mótast af vilja til að aðstoða viðkomandi við að laga sig að reglunum og áframhaldandi starfs innan félagsins. Upplýsa skal foreldra um neyslu ólöggráða barna í félagsstarfi. Veita skal áminningu við fyrsta brot og aðstoð til að laga sig að reglum. Við annað brot skal vísa viðkomandi úr starfi, hvort sem um iðkanda eða ábyrgðaraðila er að ræða, en leitast við að hafa áhrif á að viðkomandi leiti sér aðstoðar. Hægt er að endurskoða brottvikningu hafi viðkomandi bætt ráð sitt.

Engar athugasemdir frá nefnd. Samþykkt af þingi.

Þingskjal 9 Lagt fram af stjórn HSP

Staðsetning næsta ársþings, lagt fram af stjórn HSP

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir að næsta ársþing HSP verði haldið á Þórshöfn af Ungmennafélagi Langnesinga.

Samþykkt af þingi.

Fjárhagsnefnd: Ásdís Hrönn Viðarsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar

Þingskjal 3 Lagt fram af stjórn HSP

Tillögur til breytinga á reglugerð Fræðslusjóðs HSP

Laganefnd og Fjárhagsnefnd fjölluðu báðar um þetta þingskjal og komu sér saman um að leggja fram eftirfarandi breytingartillögu:

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir svohljóðandi breytingar á 1., 5. og 6. grein núverandi reglugerðar um Fræðslusjóð HSP auk nýrra greina nr. 7 og 8.

1. gr Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður HSP
5. gr Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Ársþing HSP ákveður framlag til sjóðsins ár hvert að lágmarki kr. 150.000.-
 - b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
6. gr Öll aðildarfélag innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. *Umsóknir vegna yfirstandandi árs þurfa að berast skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði fyrir 15. nóvember ár hvert og skulu undirritaðar/staðfestar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Skila þarf staðfestingu á greiðslu námskeiðsgjalda með umsókn.*
7. gr *Styrkupp hæðir skulu taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins og skal sjóðstjórn setja sér vinnureglur varðandi úthlutun. Styrkupp hæðir geta þó aldrei numið hærrí upphæð en útlögðum kostnaði styrkþega. Sjóðstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.*
8. gr *Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til HSP þar sem gerð er grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins í lok hvers árs.*

Breytingartillaga lögð fyrir þingið. Samþykkt af þingi.

Þingskjal 8 Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á lottóreglugerð

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir svohljóðandi breytingar á lottóreglugerð sambandsins:

1. [...] Af því sem þá er eftir: 30% til HSP, 70% til aðildarfélaga HSP [...].

Ekki náðist samstaða hjá nefndinni en formleg breytingartillaga kom ekki fram hjá nefndinni og fer þingskjalíð því óbreytt til atkvæðagreiðslu.

Umræður: Gunnhildur biður um orðið: Þetta hækkar framlag HSP um 10%, 46 þús krónur minna fyrir hvert félag að meðaltali. Miðgildi var 24 þúsund krónur sem þetta munar fyrir hvert félag.

Jónas Friðriksson úr Völsungi: Leggur fram breytingatillögu að þetta haldist óbreytt, 80% til aðildafélaga en 20% til HSP.

Linda Björk Árnadóttir, Mývetningi leggur til að fara millivegin, 75% fari til aðildarfélaga og 25% til HSP

Breytingartillaga Jónasar lögð fram til atkvæðagreiðslu: 29 atkvæði með 16 atkvæði á móti. (Skiptingin helst óbreytt).

Þingskjal 10 Lagt fram af stjórn HSP

Fjárhagsáætlun 2019

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2019:

Rekstrartekjur	ÁÆTLUN 2019	Rekstur 2018	Áætlun 2018	Rekstur 2017	Áætlun 2017
Framlög og styrkir	17.070.000	13.880.277	12.300.000	12.380.048	11.700.000
Styrkir ÍSÍ (útb. ósóttir vinn.)	500.000	563.266	450.000	489.864	400.000
Lottó	8.500.000	9.361.203	7.000.000	6.751.074	7.200.000
Getraunir 1x2	170.000	173.808	150.000	168.692	200.000
Rekstrarstyrkir sveitarfélaga	3.100.000	3.132.000	3.500.000	3.333.400	3.000.000
Styrkir v/ULM	250.000	100.000	300.000	400.000	300.000
Styrkir v/Æfum alla ævi	4.000.000	200.000	500.000		
Aðrir styrktaraðilar	550.000	350.000	400.000	1.237.018	600.000
Aðrar tekjur	1.760.000	1.954.000	1.960.000	1.533.574	1.715.000
Skattar félag	1.610.000	1.800.000	1.800.000	1.500.000	1.500.000
Leiga HSP tjaldi	150.000	145.000	150.000	345.000	120.000
Vörusala (búningar, bækur, pennar ofl.)		9.000	10.000	41.000	95.000
Niðurfelld gjöld óvirk félög				-352.426	
Rekstrartekjur alls	18.830.000	15.834.277	14.260.000	13.913.622	13.415.000
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld	9.000.000	4.702.219	4.000.000	3.866.724	3.000.000
Styrkir til félaga	6.332.500	7.237.966	5.760.000	5.045.443	5.600.000
Lottó	5.950.000	7.114.456	5.360.000	5.034.043	5.200.000
Akstursjóður	382.500	123.510	400.000	11.400	400.000
Búningar, áhöld og tæki	-	-	125.000	80.518	140.000
Þátttaka í mótum	350.000	340.065	700.000	577.798	250.000
Þáttökukostn. ULM	200.000	302.470	400.000	255.360	250.000
Annar kostnaður	150.000	37.595	300.000	322.438	-
Verðlaun, bikarar, annar mótak.	150.000	148.008	150.000	133.090	150.000
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	170.000	180.000	50.000	70.000	100.000
Húsaleiga Seigla	120.000	180.000		70.000	
Viðhald, geymsla tjald og kerru	50.000	-	50.000	-	100.000
Rekstur skrifstofu	1.825.000	1.915.901	2.350.000	1.275.689	1.900.000
Sími, ritföng, póstkostnaður	70.000	59.064		56.812	
Funda- og þingkostnaður Ársþing HSP	600.000	775.150		305.000	
Ferðakostnaður stjórnar	125.000	124.814		183.791	
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	220.000	222.946		-	
Bókhald og endurskoðun	400.000	417.315	350.000	308.498	400.000
Auglýsingakostnaður	300.000	237.596		319.508	
Annar skrifstofukostnaður	110.000	79.016	2.000.000	102.080	1.500.000
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	862.500	593.494	920.000	799.396	970.000
Fræðslusjóður	150.000	93.494	120.000	25.000	120.000
Styrkir Frjálsíþr.ráð	500.000	500.000	500.000	500.000	500.000

Afreksmannasjóður	212.500	-	300.000	200.000	300.000
Annar kostnaður				74.396	50.000
Breyting vörubirgða		-	200.000	16.045	300.000
Önnur gjöld	140.000	36.134	120.000	33.873	100.000
Rekstrargjöld alls	18.830.000	15.153.787	14.250.000	11.818.058	12.370.000
Hagnaður/tap	-	680.490	10.000	2.095.564	1.045.000

Laganefnd: Hermann Aðalsteinsson gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar

Þingskjal 2 Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á aðildarfélögum HSP

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir svohljóðandi breytingar á aðild félaga sambandsins:

- i. Aðild Skotfélags Þórshafnar og nágrennis
- ii. Golfklúbburinn Gljúfri fái fulla aðild að ný
- iii. Boltafélag Húsavíkur og Íþróttafélag Laugaskóla verði skráð úr HSP
- iv. ~~Stjórn HSP fari með stjórn og starfsemi Umf. Gamans og alvöru og beri ábyrgð á eignum þess.~~
(hafnað)

Allsherjar- og íþróttanefnd og Laganefnd fjölluðu báðar um þetta þingskjal og settust saman til að ákveða tillögu á breytingu á lið iv. í Þingskjali 2. Nefndirnar komust að þeirri niðurstöðu að þessari tillögu verði hafnað. Ekki er talið að aðalfundur hafi verið löglegur.

Jónas Egilsson svarar:

Vill viðurkenna það að þessi eftir á skýring komi honum á óvart. Getur ekki séð að þessi aðalfundur hafi verið ólöglegur. Þetta er verkefni sem þau sækjast ekkert endilega eftir, vilja helst ekki fá fleiri verkefni á borðið. Þessi ákvörðun var tekin af stjórn að fara þessa leið af því að aðalfundur var löglega til boðaður, engin athugasemd var gerð á þeim vettvangi. Hver eru rök fyrir því að þessi fundur hafi verið ólöglegur hefur hann ekki séð, enginn mótmældi þar að hann væri ólöglegur. Hér er fólk þó að ákveða að fundurinn hafi verið ólöglegur og enginn hér sem vilji skipta sér að þessu félagi. Engar skriflegar ályktanir með rökum hafa borist til þeirra. Þarf að koma með lagalegar, skriflegar ástæður fyrir því að þetta hafi verið ólöglegt. Engir heimamenn eru til staðar til að taka yfir þessu félagi og er ekki í boði að endurvekja þetta félag til að sinna því. Fleiri félög eru í þessari stöðu og í staðinn fyrir að leggja þau niður höfum við ákveðið til að reyna að halda lífið í þeim með t.d. nýja verkefninu „Æfum um alla ævi“. Ég tel að þetta þing hafi ekki lagalegt umboð til að ákveða að þessi fundur hafi verið ólöglegur. Enn og aftur, þetta þarf að leysa í róleghheitunum. Þessi tillaga er ekki tæk og leggur til að henni verði vísað frá

Jón Sverrir svarar:

Þetta var tekið fyrir í tveimur nefndum, er ekki breytingartillaga heldur var það álit nefndarmanna að menn töldu að þessi aðalfundur hafi verið ólöglegur og því var lagt til að henni yrði hafnað.

Viðar Sigurjónsson svarar:

Þetta er erfiðasta málið á þinginu. Að það sé í lögum félagsins að fundurinn sé ekki löglegur af því þriðjungur félagsmanna komi ekki á fundinn, ekki hafi löglega verið til hans boðað. Jónas segir þá að félagatalning liggi ekki fyrir. Viðar segir þá að það gæti verið útaf notkun Felix, því er ekki hægt að sjá hvort þetta hafi verið löglegt eða ólöglegt.

Hildur Vésteinsdóttir svarar:

Er í laganefnd og vill segja frá þessari niðurstöðu, okkar tillaga var til að breyta því að stjórn HSP yrði félaginu innan handar með að sýsla með eigin eignir. Vegna þess að þetta snýst um sölu á eignum og fjárhæð sem á síðan að nota í að gefa út bók um Gaman og Alvöru en ekki að peningarnir fari til HSP. Einnig vegna þess að það eru fleiri félög sem gætu lent í þessari stöðu.

Jónas Egilsson svarar:

Það var þannig að það er engin stjórn starfandi í Gaman og Alvöru og er til einhver félagsskrá en þó ekki marktæk. Fundurinn var boðaður í sveitinni eins og hefðbundið er. Vegna þess að það er engin stjórn í félaginu er ekki hægt að samþykka þetta og er þetta ekki að hans ósk að taka yfir félaginu. Fleiri félög standa í þessari stöðu og framkvæmdarstjóri hefur verið að hafa samband við þau félög. Þegar stjórnin segir sig sjálfa vera óstarfhæfa, eru HSP sem taka við og þeir sem eru á aðalfundi taka ákvörðun um framhald, ekki þeir sem eru ekki mættir. Það verður ekki tekin ákvörðun um ráðstöfun eigna nema að halda fund með fólki úr sveitinni og kynna hvert fjármagnið fer. Við getum haft ákveðnar skoðanir og óskir og væntingar um að það megi breyta og bæta en þá verður að vera lagaleg forsenda fyrir breytingum. Við þurfum að fá meiri umræðu um það hvernig á að standa við bakið á þessum félögum.

Borið undir atkvæðagreiðslu:

Liður i., ii., og iii., samþykktir af þingi.

Liður iv., hafnað af þingi með 23 atkvæðum gegn 13.

Þingskjal 7, Lagt fram af stjórn HSP

Tillaga til breytinga á lögum HSP

12. ársþing HSP haldið í Skjólbrekku, 10. mars 2019, samþykkir svohljóðandi breytingu á 8. gr. laga sambandsins:

Núverandi 2. til 5. ml. 8. gr. laga HSP hljóði svo:

Þingið kýs fimm menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Ákvæði til bráðabirgða:

Dregið verði um það á þingi 2019 hver af þeim sem nú sitja í stjórn og voru kjörnir 2018 til tveggja ára, sitji eitt ár til viðbótar í stjórn þannig að á ársþingi 2019 verði kosið um einn aðalmann, og frá ársþinginu 2020 verði kosið um 2 aðalmenn.

Engar athugasemdir frá nefnd. Samþykkt af þingi.

Fundarhlé, kl 15:12

12. Verðlaunaafhending, Hermann Aðalsteinsson kl 15:14

Hvatningaverðlaun HSP - Erla Rós Óladóttir frá Þórshöfn, spjótkastari

Blakmaður HSP – Þórunn Harðardóttir, Völsungur

Bocciamaður HSP – Ásgrímur Sigurðsson, Völsungur

Bogfímimaður HSP – Ásgeir Ingi Unnsteinsson, Umf. Efling

Frjálsíþróttamaður HSP – Halldór Tumi Ólason, Völsungur

Glímumaður HSP – Einar Eyþórsson, Mývetningur

Hestaíþróttamaður HSP – Þórarinn Ragnarsson, Hestamannafélagið Snæfaxi

Knattspyrnumaður HSP – Bjarki Baldvinsson, Völsungi

Skákmaður HSP – Tómas Veigar Sigurðarson, Skákfélagið Huginn

Skotíþróttamaður HSP – Kristján R. Arnarson, Skotfélagið Húsavíkur

Íþróttamaður HSP – Þórarinn Ragnarsson, hestamaður

Kaffihlé, 15:34

13. Kosningar Þingforseti fer yfir þá sem eru í kjöri. kl 15:57. Ekki bærust mótframboð í embættin. Dregið var um aðalmann í stjórn sbr. nýsamþykkt bráðabirgðaatkvæði í þingskjali 7. Eftirfarandi aðilar voru samþykktir í stjórn og nefndir

Formaður til eins árs.	Jónas Egilsson, UMFL
Aðalmaður í stjórn til tveggja ára	Selmdís Þráinsdóttir, Völsungi
	Stefán Jónasson, UMFT
Varamaður í stjórn til tveggja ára	Kristinn Björn Haraldsson, Mývetningi
Varamaður í stjórn til eins árs	Sigfús Hilmir Jónsson, Grana
Stjórn afreksmannasjóðs	Hermann Aðalsteinsson, Huginn
	Ágústa Pálsdóttir, Völsungur
	Jón F. Benónýsson
	Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir, Mývetningi
Sundnefnd HSP	Árný Björnsdóttir, Völsungur
	Brynja Ingólfssdóttir, Mývetningi
	Heiða Guðmundsdóttir
Unglingalandsmótsnefnd	Gunnhildur Hinriksdóttir, Eflingu
	Jóhanna S. Kristjánsdóttir
	Kristín Dögg Jónsdóttir
Fulltrúi á íþróttaping ÍSÍ – Vísað til stjórnar HSP.	

Önnur mál kl 16:03

Viðar Sigurjónsson:

Þakkar fyrir starfshæft þing, miklar umræður, hvetur stjórn áfram til góðra verka. Mikilvæg mál sem voru samþykkt á þessum fundi eins og siðareglur og viðbragðsáætlanir. Einnig að koma HSP áfram til að verða fyrirmyndarfélag. Gunnir Gunn fór með örstutt gamanmál sem ekki allir tóku eftir en sagði það að þegar Hermann kom hér í pontu þá hafi rödd hans komið upp úr neðra. Hann var líka rangfeðraður eins og þingforseti veit. Þá fór hann með vísu í því tilefni.

Pétur Snæbjörnsson:

Talar um hversu mikilvægar siðareglurnar eru og að það væri gott að fara regluglega yfir þær. Samfélagleg ábyrgðin sem fylgir félaginu er mikilvæg og gerir mikið gagn ef allir taka þátt. Það er grafalvarleg þegar félög gefa upp öndina og ekki er vilji til að hjálpa þeim. Félög eiga það víst til að deyja ef félagar hætta. Það þarf fleira en eitt félag í hverri íþrótt og er spurning hvort það sé gott að þau félög sem iðka sömu íþrótt geti komið saman á aðalfundi og rætt saman.

Jónas Egilsson:

Þakkar því trausti sem er til hans borið. Enn fremur vill hann þakka þingfulltrúum fyrir mætinguna og er ánægður að menn hafi skoðanir en einnig þarf að setjast niður eftir fundinn og halda áfram að góðum málum. Mitt hlutverk er ekki að vinna gegn einhverju heldur erum við að vinna saman að ákveðnum málum. Mörg verk er að vinna, ný íþróttastefna verður kynnt á morgun til að bæta mannlífið í sveitinni. Héraðssambandið á að vera fyrir alla þingeyjinga. Þingforsetinn kom með ágætis hugmyndir eins og að þau félög sem hafa sömu íþróttir hafi meira samband við hvora aðra. Þakkar þingforseta, riturum, kvenfélaginu og þeim sem komu að fundinum.

Þingi slitið, Kl 16:21

Viðauki – nefndaskipan

Allsherjar- og íþróttanefnd

Jón Sverrir Sigtryggsson	Þjálfari
Halldóra Friðbergdóttir	UMFL
Aron Ragnar Unnsteinsson	UMFL
Erla Bjarnadóttir	Völsungur
Linda Hrönn Arnþórsdóttir	Völsungur
Lilja Friðriksdóttir	Völsungur
Karólína Kristín Gunnlaugsdóttir	Völsungur
Aija Kotleva	Völsungur

Anna S Mikaeisdóttir	Golfkl. Húsavíkur
Birna Davíðsdóttir	Bjarmi
Bjarki Jóhannesson	Bjarmi
Guðný I. Grímsdóttir	Efling
Fjóla Runólfsdóttir	Snæfaxi
Elín Baldvinsdóttir	Einingin
Sigurlína Tryggvadóttir	Einingin
Sylvía Ósk Sigurðardóttir	Mývetningur
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Leifur heppni
Petronella Hannula	Feykir
Salbjörg Matthíasdóttir	Feykir
Guðríður Baldvinsdóttir	Leifur heppni
Gísli Gunnar Olgeirsson	Magni
Klara Sjöfn Gísladóttir	Magni

Fjárhagsnefnd

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir	UMFL
Teitur Ari Sigurðarson	UMFL
Jónas Halldór Friðriksson	Völsungur
Aðalsteinn J. Friðriksson	Völsungur
Davíð Þórólfsson	Völsungur
Ragnar Emilsson	Golfkl. Húsavíkur
Jón Þ Óskarsson	Bjarmi
Aðalsteinn Már Þorsteinsson	Efling
Árni G. Helgason	Geisli
Kristján R. Arnarson	Skotf. Húsavíkur
Linda Björk Árnadóttir	Mývetningur
Kolbrún Ívarsdóttir	Akstursíþr.fél Mývatnssveitar
Friðrik Jakobsson	Þjálfí
Arnþór Pétursson	Magni
Hugrún Rúnarsdóttir	Grani
Karin Gerhartl	Grani
Stefán Jónasson	HSP
Jóhannes Sigfússon	Snæfaxi

Laganefnd

Hermann Aðalsteinsson	Huginn
Sigríður Harpa Jóhannesdóttir	UMFL
Erla Rós Ólafsdóttir	UMFL
Heiðmar Andri Víkingsson	UMFL
Hallgrímur Jónsson	Völsungur
Sigurjón Sigurðsson	Golfkl. Húsavíkur
Stefán Bogi Aðalsteinsson	Efling
Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson	Efling
Júlíus Björnsson	Aksturíþr.fél. Mývatnssveitar
Jóhanna Jóhannesdóttir	Mývetningur
Hildur Vésteinsdóttir	Þjálfí
Sigfús Hilmir Jónsson	Grani
Ólafur Samúelsson	Grani
Sigurbjörn Ásmundsson	Huginn